

Semulega 1995

1

STARFSREGLUR SAMTAKA UM KVENNALISTA

I LANDSSAMTÖKIN

1. Framkvæmdaráð er skipað minnst fimm konum. Hver angi á rétt á að skipa fulltrúa í framkvæmdaráð. (Auk þess skipar framkvæmdanefnd hvers anga eina konu í framkvæmdaráð sé þess nokkur kostur.) Fari svo að angi geti ekki skipað fulltrúa í framkvæmdaráð skal reyna að tryggja að hann hafi sérstakan tengil við ráðið. Ekki sitja konur að jafnaði lengur í framkvæmdaráði en eitt ár í senn. Framkvæmdaráð kemur saman eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði og oftar ef þörf krefur.
2. Fulltrúi anga í framkvæmdaráði er kosinn á félagsfundi. Jafnframt er kosinn einn fulltrúi til vara.
3. Fulltrúi úr hópi þingkvenna situr framkvæmdaráðsfundi.
4. Fulltrúi sveitarstjórnaráðs Kvennalistans situr framkvæmdaráðsfundi. *nytt*
5. Starfskonur Kvennalistans sitja fundi ráðsins.
6. Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. að:
 - a) sjá um daglegan rekstur Kvennalistans,
 - b) styðja við starfsemi anganna,
 - c) aðstoða við skipulagningu stórfunda og ráðstefna,
 - d) hafa yfirumsjón með fjármálum Kvennalistans,
 - e) styðja við bakið á starfshópum,
 - f) sjá um að bréfum og fjölmiðlum sé svarað.
7. Framkvæmdaráð boðar til samráðs hvenær sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Framkvæmdaráð undirbýr fundi samráðs.

II LANDSFUNDUR — SAMRÁÐ

8. Endanleg ákvörðun um málefni Kvennalistans er í höndum landsfundar.
9. Samráð tekur ákvörðun í mikilvægum málum, þ.m.t. meiriháttar fjárhagsáskvarðanir, sem ekki geta beðið landsfundar.
10. Hver angi skipar tvo fulltrúa í samráð og tvo til vara. Jafnframt eru í samráði þingkonur og jafnmargar varaþingkonur. Þessar konur hafa atkvæðisrétt ef til atkvæðagreiðslu kemur. Fundir samráðs eru öllum félögum opnir eins og aðrir fundir Kvennalistans.
11. Fulltrúar anga í samráði eru tilnefndir til eins árs í senn, svo og varamenn þeirra. Fulltrúar kynna öngunum þau mál sem verða á dagskrá samráðs ef þess er kostur. Þeim ber skylda til að kynna niðurstöður að fundi loknum.
12. Fundir samráðs geta verið símafundir.

III ANGAR

13. Framkvæmdanefnd starfar innan hvers anga og er hún kosin á félagsfundi. Hún hefur umsjón með öllu starfi angans og annast fjármál hans.
14. Félagsfundur hvers anga tilnefnir tvær konur í samráð og tvær til vara.

IV DAGLEGUR REKSTUR

15. Framkvæmdaráð Kvennalistans ræður eina eða fleiri konur til starfa. Þær framkvæma þær ákvarðanir framkvæmdaráðs og samráðs sem ekki er vísað annað.
16. Rekstur húsnæðis, laun starfsvænna og annar sameiginlegur kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóðum Kvennalistans.